



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 72. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í
Gömlubúð Hornafirði og fjarfundi,
1. október 2019, kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga, Hjördís Skírnisdóttir varamaður, Friðrik Jónas Friðriksson varamaður og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.

Í fjarfundi: Guðrún Inga Bjarnadóttir.

Fjarverandi: Snævarr Guðmundsson, fulltrúi náttúruverndarsamtaka

1. Jökulsárlón og Heinaberg - Umsókn um aðstöðu og leyfi fyrir siglingum - 1909026

Erindi frá Iceguide ehf með ósk um aðstöðu fyrir aðstöðukerru á Jökulsárlóni fyrir veturinn 2018-2019, ósk um aðstöðu fyrir aðstöðukerru og aðstöðu fyrir kayakferðir við Jökulsárlón að sumri til og ósk um heimild til áframhaldandi kayaksiglinga og aðstöðu á Heinabergslóni.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Í samræmi við fyrri afgreiðslur frá svæðisráði er mælt með að veitt verði áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðukerru Iceguide ehf á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019-2020. Svæðisráð mælir einnig með að veitt verði áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðukerru og siglingu kayaka við Jökulsárlón sumarið 2020.

Í ljósi þess að innleiðing atvinnustefnu er í ferli mælir svæðisráð með að veitt verði áframhaldandi heimild til siglinga kayaka á Heinabergslóni sumarið 2020 í samræmi við fyrri afgreiðslur svæðisráðs til Iceguide ehf við Heinabergslón.

2. Fancy sheep ehf. - beiðni um stöðuleyfi við Jökulsárlón - 1909021

Erindi frá Fancy sheep ehf dagsett 11. september 2019. Ósk um heimild til að staðsetja matarvagn á bílastæði við Jökulsárlón.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli.

Núverandi athafnasvæði er þröngt og býður ekki upp á frekari atvinnustarfsemi nema með röskun út fyrir núverandi athafnasvæði. Svæðisráð telur að engar breytingar hafi orðið á forsendum fyrri afgreiðslu. Í ljósi þessa getur svæðisráð ekki mælt með að veitt sé leyfi fyrir frekari starfsemi á svæðinu.

3. Skaftafell - Umsókn um rekstur matarvagns - 1909013

Erindi frá Jökлавögnum ehf, ódagsett. Ósk um heimild til áframhaldandi staðsetningar matarvagns í Skaftafelli og ósk um langtímasamning.

Vinna þarf að framtíðarsýn og skipulagi í Skaftafelli og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Því getur svæðisráð ekki mælt með að gefið sé leyfi til lengri tíma en út árið 2020.

4. Jökulsárlón-Umsókn um rekstur matarvagns - 1909012

Erindi frá Nailed It ehf, dagsett 27. ágúst 2019. Ósk um áframhaldandi heimild til staðsetningar matarvagns við Jökulsárlón.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Því getur svæðisráð ekki mælt með að gefið sé leyfi til lengri tíma en út árið 2020.

5. Jökulsárlón-Umsókn um rekstur matarvagns - 1909011

Erindi frá Heimahumar ehf, dagsett 27. ágúst 2019. Ósk um áframhaldandi heimild til staðsetningar matarvagns við Jökulsárlón.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Því getur svæðisráð ekki mælt með að gefið sé leyfi til lengri tíma en út árið 2020.

6. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu á bílaplani - 1909010

Erindi frá Niflheimum ehf, ódagsett. Ósk um heimild til að staðsetja aðstöðubíl á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019 -2020.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Í samræmi við fyrri afgreiðslu er mælt með að veitt verði áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðubíl Niflheima ehf á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019-2020.

7. Jökulsárlón-Umsókn um aðstöðu á bílaplani - 1909009

Erindi frá Local Guide ehf, dagsett 5. september 2019. Ósk um heimild til að staðsetja aðstöðubíl á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019 -2020.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu, deiliskipulag fyrir Jökulsárlón hefur ekki verið endanlega samþykkt og innleiðing atvinnustefnu er í ferli. Í samræmi við fyrri afgreiðslu er mælt með að veitt verði áframhaldandi leyfi fyrir aðstöðubíl LocalGuide ehf á bílastæði við Jökulsárlón veturinn 2019-2020.

8. Suðursvæði-Ferjuflug með þyrlu - 1811010

Þjóðgarðsvörður fór yfir vinnu frá því að málið var tekið fyrir síðast í svæðisráði og stjórn. Haft var m.a. samband við Samgöngustofu, Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum varðandi sambærileg mál.

Svæðisráð telur að áhugavert geti verið að heimila þyrlulendingar á völdum stöðum innan þjóðgarðsins. Slík geti aukið fjölbreytni afþreyingarferðaþjónustu í þjóðgarðinum. Svæðisráð telur því mikilvægt að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leggi fram heildstæða stefnu um landingar loftfara innan þjóðgarðsins. Svæðisráð leggur til að veitt verði tímabundið þróunarleyfi til skipulagðra landinga í samræmi við umsókn og leyfistími nýttur til að afla upplýsinga um áhrif þyrluflugs á svæðið, ferðaþjónustu og íbúa.

9. Breiðamerkursandur-Framlenging á tímabundnu vetrarakstursbanni - 1909030

12. febrúar 2018 var sett tímabundin lokun fyrir vetrarakstri vélknúinna ökutækja á svæði á austanverðum Breiðamerkursandi. Lokunin var í gildi til 30. apríl 2018, og var einnig í gildi frá 12. nóvember 2018 til 30. apríl 2019. Forsendur lokunarinnar eru að hér er um að ræða viðkvæmt svæði sem hefur komið undan jökli við hop Breiðamerkurjökuls á síðustu árum og er að mestu leyti ósnortið af manna völdum. Á svæðinu er mikil umferð yfir vetrarmánuði í tengslum við íshellaferðir og jöklagöngur.

Akstur á svæðinu utan skilgreindra slóða gæti haft neikvæðar afleiðingar í för með sér þar sem hætta skapast á að varanleg slóð eða för myndist, jafnvel þótt jörð sé snævi þakin og frosin. Hluti hins lokaða svæðis var hulinn jökli 1998 og því hluti Vatnajökulsþjóðgarðs frá stofnun hans, en auk þess nær lokunin til svæðis sem bætt var við landsvæði þjóðgarðsins, með reglugerð nr. 730 þann 25. júlí 2017. Nú er unnið að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið.

Þjóðgarðsvörður fór yfir forsendur tímabundinnar lokunar. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er í vinnslu og stefnt er að hún verði tilbúin í ársbyrjun 2020. Á meðan hún hefur ekki tekið gildi er mikilvægt að vernda svæðið með tímabundnu vetrarakstursbanni. Svæðisráð styður ákvörðun um tímabundna lokun veturinn 2019-2020.

10. Rekstraráætlun 2020 - 1909023

Fyrir fundinum lágu fyrstu tillögur þjóðgarðsvarðar á suðursvæði að rekstraráætlun suðursvæðis 2020.

Farið var yfir drög rekstraráætlunar fyrir árið 2020 og þjóðgarðsverði þakkað fyrir skýra framsetningu. Rekstraráætlun verður tekin fyrir á næsta fundi.

11. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003

Fulltrúi ráðgjafahóps fór yfir stöðuna á vinnunni við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand.

Gestir

Þorvarður Árnason - Rannsóknarsetri HÍ á Hornafirði - 00:00

Þorvarður fór yfir stöðu vinnunar. Fyrirhugað er að halda vinnufund ráðgjafahóps, starfsmanna og svæðisráðs 24. október næstkomandi.

12. Skaftafell - Framtíðarsýn og stefnumótun - 1909031

Fyrir liggur að móta þurfi framtíðarsýn fyrir Skaftafell, sem snýr m.a. að uppbyggingu innviða, móttöku og fræðslu gesta, aðstöðu fyrir starfsmenn og aðstöðu rekstaraðila á svæðinu.

Svæðisráð telur mjög brýnt að hefja vinnu við framtíðarsýn Skaftafells og nágrennis og að breytt deiliskipulag verði unnið á forsendum þeirrar framtíðarsýnar. Svæðisráð telur því mjög brýnt að í fjárhagsáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs verði gert ráð fyrir fjármunum til þessarar vinnu.

13. Gjaldtaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs - 1905020

Fyrir fundinum lá ósk frá 133. stjórnafundi um umsögn svæðisráðs um efni minnisblað varðandi gjaldtöku í Vatnajökulsþjóðgarði.

Svæðisráð telur mikilvægt að marka heildstæða stefnumótun um gjaldtöku innan þjóðgarðsins. Svæðisráð hafnar alfarið að farið verði í gjaldtöku við Jökulsárlón fyrr en heildstæð stefnumótun innan þjóðgarðsins liggur fyrir sem og nauðsynleg innviðauppbygging við Jökulsárlón á grunni deiliskipulags sem er í auglýsingarferli.

14. VJP - húsnæðismál innan þjóðgarðs - 1909022

Fyrir fundinum lágu drög að minnisblaði þjóðgarðsvarða varðandi þarfagreingu og framtíðarsýn um húsnæði starfsmanna þjóðgarðsins. Fyrr á þessu ári sendi suðursvæðið inn umsókn í landsáætlun um uppbyggingu innviða. Umsókninni var hafnað þar sem uppbygging starfsmannahúsnæðis fellur ekki að úthlutunarreglum.

Svæðisráð þakkar þjóðgarðsverði fyrir skýra og greinargóða samantekt á húsnæðismálum starfsmanna þjóðgarðsins á suðursvæði. Ljóst er að mikil þörf er á bæta húsnæðismál starfsmanna á suðursvæði. Svæðisráð óskar eftir að málið verði tekið fyrir á vettvangi stjórnar með það að markmiði að leitað verði leiða til að tryggja fjármuni til framkvæmda og varanlegra lausna.

Fundi slitiš kl. 16:45.